



Fundargerð

Stjórn VJB - 142. fundur stjórnar VJB haldinn á Hótel Skúlagarði nálægt Ásbyrgi, 10. ágúst 2020, kl. 10:00.

Fundinn sátu:

Auður H. Ingólfssdóttir, formaður stjórnar,
Vilhjálmur Árnason, varamaður formanns stjórnar,
Anna Dóra Sæþórsdóttir, varaformaður stjórnar,
Þorkell Lindberg Þórarinsson, varamaður varaformanns stjórnar,
Anton Freyr Birgisson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skútustaðahrepps,
Ásta Berghildur Ólafsdóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Ásahrepps,
Eyrún Arnardóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Fljótsdalshéraðs,
Matthildur Ásmundardóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitafélagsins Hornafjarðar,
Sævar Þór Halldórsson, aðalfulltrúi, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum,
Snorri Ingimarsson, aðaláheytnarfulltrúi, tilnefndur af Samtökum útivistarfélaga,
Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs,
Ingibjörg Smáradóttir, sérfræðingur á skrifstofu Vatnajökulsþjóðgarðs,

Gestir:

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs,
Gunnlaugur Róbertsson, mannvirkja og gæðafulltrúi.
Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, þjóðgarðsvörður á norðursvæði - hálendi,
Kristín S. Gunnarsdóttir, yfirlandvörður á norðursvæði – Jökulsárgljúfrum,
Sigurður Óskar Jónsson, sérfræðingur á suðursvæði

1. Matsnefnd leyfisveitinga - 6 - 2007001F

Fyrir fundinum lá fundargerð matsnefndar leyfisveitinga til kynningar.

2. Matsnefnd leyfisveitinga - 7 - 2007003F

Fyrir fundinum lá fundargerð matsnefndar leyfisveitinga til kynningar.

3. Matsnefnd leyfisveitinga - 8 - 2007004F

Fyrir fundinum lá fundargerð matsnefndar leyfisveitinga til kynningar.

4. Matsnefnd leyfisveitinga - 9 - 2007005F

Fyrir fundinum lá fundargerð matsnefndar leyfisveitinga til kynningar.

5. Staðan í rekstri 2020 - 1909023

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um stöðu fjármála í Vatnajökulsþjóðgarði.

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri - 10:00

Fjármálastjóri kynnti stöðuna í rekstri stofnunarinnar eftir fyrstu 6 mánuði ársins. Staðan er í jafnvægi en gæta þarf sérstakrar varúðar og aðhalds þegar kemur fram á seinni hluta ársins vegna óvissu sem tengist COVID19 heimsfaraldrinum.

6. Framkvæmdir í Vatnajökulspjóðgarði 2020 - 2004020

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um framkvæmdir innan þjóðgarðs.

Gestir

Gunnlaugur Róbertsson, mannvirkja- og gæðafulltrúi - 10:00

Mannvirkja- og gæðafulltrúi kynnti framkvæmdir vegna innviða þjóðgarðsins á árinu 2020 og 2021.

7. Norðursvæði - skýrsla þjóðgarðsvarðar - hálendi - 2007041

Fyrir fundinum lá skýrsla þjóðgarðsvarðar.

Gestir

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, þjóðgarðsvörður norðursvæðis - hálendi - 10:00

Þjóðgarðsvörður Vatnajökulspjóðgarðs á norðursvæði - hálendi gerði grein fyrir starfinu það sem af er árinu 2020. Starfið hefur gengið vel þrátt fyrir ýmsar áskoranir vegna Covid-19. Sérstaklega er unnið að því að tengja starf á norðursvæði hálendi við Herðurbreiðarsvæðið sem bættist við Vatnajökulspjóðgarð á síðasta ári.

8. Skýrsla þjóðgarðsvarðar í Jökulsárgljúfum - 1910005

Fyrir fundinum lá skýrsla þjóðgarðsvarðar.

Gestir

Kristín S. Gunnarsdóttir, yfirlandvörður á norðursvæði - Jökulsárgljúfur - 10:00

Yfirlandvörður Vatnajökulspjóðgarðs á norðursvæði - láglandi gerði grein fyrir starfinu það sem af er árinu 2020. Starfið hefur gengið vel þrátt fyrir ýmsar áskoranir vegna Covid-19. Fram kom m.a. að aðsókn að tjaldsvæðinu í Ásbyrgi hefur aukist verulega á milli ára það sem af er árinu 2020 og eru gestir í miklum meirihluta Íslenskir.

9. Dettifossvegur - Vegagerð um Vesturdal og Hljóðakletta - 2007015

Fyrir fundinum lá stöðvunarkrafa vegna framkvæmda innan þjóðgarðs.

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs styður þá niðurstöðu Vegagerðinnar að stöðva vegaf framkvæmdir í Vesturdal í Jökulsárgljúfum í tengslum við kæru SUNN (Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi) til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál. Kæran snýr að framkvæmdum við að lagfæra núverandi aðkomuveg að Vesturdal og bílastæði við upphaf gönguleiðar um Hljóðakletta.

Stjórn felur svæðisráði norðursvæðis, framkvæmdastjóra og þjóðgarðsverði svæðisins að vinna að lausn málsins með fulltrúum Vegagerðarinnar, sveitarfélagsins Norðurlands og SUNN þar sem markmiðið er að ná sameiginlegri niðurstöðu og sátt um vegaf framkvæmdir sem valdi sem allra minnstum áhrifum á einstaka náttúru og ásýnd svæðisins í Vesturdal.

Aðalfulltrúi umhverfisverndarsamtaka viku af fundi undir þessum lið.

10. Atvinnustefna - viðmið - 2005027

Fyrir fundinum lá tillaga að viðmiðum til að nýta við að innleiða atvinnustefnu þjóðgarðsins.

Gestir

Sigurður Óskar Jónsson, sérfræðingur á suðursvæði - 11:30

Sérfræðingur á suðursvæði og sérfræðingur á skrifstofu kynntu framgang í vinnu við að gerð samninga og skilgreiningu viðmiða sem fyrirtæki þurfa að uppfylla til að stunda íshellaferðir og jökлагöngur með ferðamenn á suðursvæði Vatnajökulspjóðgarðs. Verkefnið er þróunarverkefni sem unnið er með þeim fyrirtækjum sem sækja um leyfi auk þess sem gott samráð er við Ferðamálastofu, Umhverfisstofnun og Þjóðgarðinn á Þingvöllum. Samkvæmt reglugerð sem sett var um atvinnutengda starfsemi fyrirtækja í Vatnajökulspjóðgarði í mars sl. þurfa öll fyrirtæki sem stunda atvinnustarfsemi í Vatnajökulspjóðgarði að hafa samninga við þjóðgarðinn um þá starfsemi.

Stjórn hetur til þess að áfram verði unnið að málinu á grundvelli atvinnustefnu þjóðgarðsins þar sem fram kemur m.a. að allar ákvarðanir sem stjórn þjóðgarðsins og starfsmenn hans taka, einkennist af gegnsæi, skilvirkni og málefnalegri umfjöllun.

11. Vestursvæði - Vonarskarð, næstu skref, verkefni svæðisráðs - 1907014

Fyrir fundinum lágu helstu niðurstöður vinnustofu um Vonarskarð sem haldin var í Hrauneyjum 29. júní 2020.

Varaformaður stjórnar var með stutt innlegg sem sneri að innsýn úr ferðamálafræðum varðandi hvaða áhrif aðgengi mismunanda hópa hefur á þróun útivistar og ferðamennsku á tilteknum svæðum.

Stjórn felur formanni stjórnar, formanni svæðisráðs vestursvæðis og framkvæmdastjóra að vinna áfram að málinu og móta næstu tillögur varðandi með hvað hætti málið verði unnið áfram innan svæðisráðs og stjórnar.

12. Þjóðgarðsvörður norðursvæði hálendi - 2006018

Fjallað verður um stöðu þjóðgarðsvarðar á norðursvæði - hálendi.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að auglýsa eftir þjóðgarðsverði á norðursvæði - hálendi í samráði við formann svæðisráðs norðursvæðis.

13. Hlutverk stjórnarmanna Vatnajökulspjóðgarðs - 2007019

Fyrir fundinum lágu drög um hlutverk stjórnarmanna Vatnajökulspjóðgarðs til kynningar og samþykktar.

Stjórn samþykkir tillögu að skjali um hlutverk stjórnarmanna Vatnajökulspjóðgarðs. Skjalið er samantekt úr lögum um þjóðgarðinn, starfsreglum stjórnar og síðareglum stjórnar.

14. Skýrsla framkvæmdastjóra - 1808006

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni frá síðasta stjórnarfundum.

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Smáradóttir, fundarritari.
Fundum slitið kl. 12:50.